30.10.2026

ÍV Auðlind I hs.

Blandaður skuldabréfasjóður- hét áður ÍV Eignasafn I

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn eigna þar sem áhersla er á góða dreifingu innlendra og erlendra skuldabréfa. Fjárfesting í skuldabréfum eða peningamarkaðsgerningum getur verið hvort sem er með beinni fjárfestingu eða með fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðurinn fjárfestir ekki í beint í afleiðum en getur eignast eða komist í sambærilega stöðu í gegnum fjárfestingu í öðrum sjóðum. Á hverjum tíma er að hámarki 50% í erlendum fjárfestingum. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og ráðlagður fjárfestingartími er 3 ár. Nánari upplýsingar eru í reglum, útboðslýsingu og lykilupplýsingablaði.

Gengisþróun



Eignaskipting



Um sjóðinn

Rekstraraðili:	Íslensk verðbréf hf.
Framkvæmdarstjóri:	Arnór Gunnarsson
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Heiti sjóðs:	ÍV Auðlind I hs.
Kennitala:	640311-9910
ISIN nr.:	IS0000021699
Sjóðstjóri:	Guðrún Una Valsdóttir Halldór Andersen
Fjárfestingarráð:	Þorkell Magnússon Halldór Andersen Guðrún Una Valsdóttir
Stofnár:	2011
Gjaldmiðill:	ISK
Umsýsluþóknun:	0,6%
Árangursþóknun	15% umfram ávöxtunarviðmið
Árangursviðmið	Depo + 2%
Upphafsþóknun:	2,0%
Heildarkostnaðarhlutfall:	Sjá lykilupplýsingar
Lágmarkskaup:	5.000 ISK
Viðskiptatími:	9:00 – 14:00
Uppgjörstími:	T+2 (Tveir virkir dagur)
Áhættuflokkun:	3/7
Vörslufyrirtæki:	T Plús hf.

Helstu upplýsingar

Kaupgengi 30.10.2026:	19,723713
Sölugengi 30.10.2026:	20,118187
Stærð sjóðs:	810 m.kr.
Hlutfall erlendra fjárfestinga:	18,1%

Ávöxtun

1 mánuður	0,73%
3 mánuðir	0,47%
6 mánuðir	1,75%
1 ár	3,90%
Frá áramótum	2,68%
Árið 2025	4,04%
Árið 2024	4,81%
Árið 2023	3,95%
Árið 2022	-2,19%
Árið 2021	3,83%
Árið 2020	6,25%

Stærstu útgefendur

ÍV Áskriftarsjóður ríkisskuldabréfa hs.	18,9%
ÍV Sparisafn hs.	15,2%
ÍV Erlent skuldabréfasafn hs.	12,5%
ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs.	11,0%
ÍV Norræn fyrirtækjaskuldabréf hs.	5,6%
ÍV Skuldabréf hs.	4,8%
ÍV Skammtímasjóður plús hs.	4,7%
SIV Fixed Income hs.	3,3%
Alma íbúðafélag hf.	3,0%
Arion banki hf	2,7%

Fjárfestingarheimildir

Skuldabréf útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs *	30% – 100%
Skuldabréf - önnur	0% - 60%
Skuldabréf – önnur, hámark á stakan skuldara	10%
Hámark í erlendum fjárfestingum	50%
Hlutdeildarskíreini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0-100%

* Fjárfesting í tilteknum eignaflokki getur verið hvort sem er með beinni fjárfestingu eða með fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt 3. tölulið 2. mgr. 64. gr. laga nr 116/2021

Fyrirvari

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum, helstu áhættuþættir eru m.a.:

i. Markaðsáhætta
Sú áhætta sem er sameiginleg gagnvart heilum eignaflokki er markaðsáhætta. Henni er ekki hægt að verjast algerlega en hún minnkar eftir því sem eignasafn er dreifðara. Margir þættir geta haft áhrif á verðmyndun á markaði en snöggar breytingar á framboði eða eftirspurn á markaði getur haft veruleg áhrif á markaðsverðmæti eigna. Erfiðar rekstraraðstæður geta gert það að verkum að áhætta sjóðsins vegna hvers og eins félags er meiri en ella hefði verið.

ii. Vaxtaáhætta
Áhætta vegna breytinga á vöxtum. Vaxtabreytingar hafa áhrif á virði skulda- og hlutabréfa þannig að hærri vextir þýða öllu jöfnu lægra verð bréfa og öfugt.

iii. Gjaldmiðlaáhætta
Ef eignir eru skráðar í ólíkum gjaldmiðlum þá hafa breytingar á gengi gjaldmiðla áhrif á virði eignanna mælt í mynt fjárfestis eða sjóðs. Þannig getur virði eignasafns breyst þó virði hverrar eignar sé óbreytt í þeirri mynt sem hún er skráð í.

iv. Áhætta vegna fárra útgefenda. Þegar fá félög og flokkar eru skráð í kauphöll, er ljóst að tækifæri sjóðsins til að fjárfesta í skráðum verðbréfum eru takmörkuð. Af þessu leiðir að fjárfesting í hverjum útgefanda kann að vera hærra hlutfall af sjóðnum en ella hefði verið og líklegt að áhættudreifing sjóðsins, m.t.t. fjölda útgefenda, verði því ekki eins og best verður á kosið.

v. Seljanleikaáhætta/lausafjáráhætta. Sú staða getur komið upp að ekki sé hægt eða erfitt að selja fjármálagerninga þegar mæta á innlausnum úr sjóðnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að ekki séu til staðar kaupendur á markaði sem eru reiðubúnir að kaupa það magn verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga né á því verði sem ásættanlegt er á þeim tíma sem nauðsynlegt er. Seljanleiki getur breyst yfir tíma.

iv. Ytri aðstæður
Ýmis ytri atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Þættir eins og breytt löggjöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja geta haft veruleg áhrif á eignarhluti sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum.

v. Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum
Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er í innlánum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að innlán í eigu sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta njóta ekki forgangs við slita- eða skiptameðferð fjármálafyrirtækja.

vi. Greiðsluáhætta
Sú áhætta að útgefandi fjármálagernings standi ekki í skilum á gjalddaga. Munur á greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu er að mótaðili í viðskiptum er yfirleitt ekki útgefandi fjármálagernings, t.d. skuldabréfs.

vii. Uppgjörsáhætta
Sú áhætta að mótaðili í viðskiptum standi ekki við sitt á réttum tíma. Nánar tiltekið að greiðslur berist ekki á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í gegnum greiðslukerfið vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

viii. Vörsluáhætta
Eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða svika af hálfu vörsluaðila.

ix. Verðbólguáhætta
Verðbólga skerðir raunávöxtun hlutabréfa og óverðtryggðra skuldabréfa en verðtryggð skuldabréf njóta verðtryggingar. Verðbólga hefur einnig bein áhrif á gengi skuldabréfa og þannig verður til áhætta vegna verðbólgu.

x. Höfuðstólsáhætta
Í eðli sínu geta fjármálagerningar sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í á hverjum tíma. Fjárfestingu í hvers konar skuldaviðurkenningum fylgir því einnig alltaf áhætta á að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni. Þó tryggingar kunni að vera settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverjum ástæðum eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Framangreint getur leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Hið sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

Áhættuflokkun
Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna vegna sögulegra og væntra verðsveiflna. Mælingin byggir á staðalfráviki sögulegrar ávöxtunar sem er mælikvarði á sveiflur í ávöxtun. Flokkur 1 er með minnstar sveiflur en flokkur 7 með mestar. Áhættumælikvarðinn getur breyst milli tímabila og er ekki almenn lýsing á allri áhættu sem fylgir fjárfestingu í sjóðnum.

Um Íslensk verðbréf hf.

Íslensk verðbréf hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Starfsleyfið tekur til reksturs sérhæfðra sjóða, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna auk þess sem félagið hefur heimild til að sinna eignastýringu samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020 og til að sinna móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjárnálagerninga samkvæmt 4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020.

Íslensk verðbréf er dótturfélag Skaga hf. og er starfsstöð félagsins við Ármúla 3, Reykjavík og Glerárgötu 24, Akureyri.

Vörslufyrirtæki félagsins er T Plús hf.

Allar upplýsingar sem hér koma fram eru óendurskoðaðar.

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar og ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Ávöxtun í fortíð er engin trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslenskra verðbréfa hf., www.iv.is .

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Íslensk verðbréf hf. hefur útvistað regluvörslu og innri endurskoðun á grundvelli laga um sérhæfða sjóði nr. 45/2020.